

SAMEIGINLEG YFIRLÝSING
VARNARMÁLARÁÐUNEYTIS BANDARÍKJANNA
OG
UTANRÍKISRÁÐUNEYTI ÍSLANDS

Ástand öryggismála í Evrópu og á Norður-Atlantshafi hefur breyst síðan Bandaríkin og Ísland undirrituðu samkomulag sín á milli árið 2006, sem heldur áfram gildi sínu og mótar áfram tvíhliða samskipti okkar á sviði varnarmála. Í því skyni að styrkja grundvöll samstarfs um ókomin ár lýsa varnarmálaráðuneyti Bandaríkjanna og utanríkisráðuneyti Íslands yfir eftirfarandi:

Varnarmálaráðuneyti Bandaríkjanna og utanríkisráðuneyti Íslands áréttar viðvarandi skuldbindingu sína um náið samstarf á sviði varnar- og öryggismála, tvíhliða sem og á vettvangi Atlantshafsbandalagsins. Varnarsamningurinn sem er í samræmi við Norður-Atlantshafssamninginn og var undirritaður í Reykjavík hinn 5. maí 1951 („varnarsamningurinn frá 1951“) verður áfram undirstaða samstarfs milli landanna tveggja á sviði varnarmála.

Varnarmálaráðuneyti Bandaríkjanna áréttar skuldbindingu sína viðvíkjandi vörnum Íslands í samræmi við varnarsamninginn frá 1951, meðal annars með áætlun sem tryggir varnir Íslands með öflugum og breytanlegum úrræðum og liðsafla.

Utanríkisráðuneyti Íslands áréttar, sem framlag til sameiginlegra varna Atlantshafsbandalagsins, skuldbindingu sína um rekstur varnaraðstöðu og -búnaðar, meðal annars rekstur íslenska loftvarnarkerfisins (IADS), um að veita gistiríkisstuðning vegna annarra aðgerðaparfa, eins og loftrýmisgæsluverkefna Atlantshafsbandalagsins frá flugbækistöðinni í Keflavík, aukinnar tímabundinnar viðveru á vettvangi eftir þörfum, meðal annars en ekki einvörðungu vegna viðveru kafbátarleitavéla, og vegna sameiginlegra áætlanagerða og varnaræfinga fyrir bandalagið.

Í því skyni að treysta sameiginlegar skuldbindingar landanna tveggja viðvíkjandi framkvæmd varnarsamningsins frá 1951 og fyrirkomulagi vegna varnarmannvirkja Atlantshafsbandalagsins á Íslandi, hefur verið gengið frá eftirfarandi samkomulagi:

1. Utanríkisráðuneyti Íslands tryggir áfram rekstur viðeigandi varnaraðstöðu og -búnaðar til framkvæmdar ákvörðunar Norður-Atlantshafsráðsins um loftrýmiseftirlit og fyrirflug og til þess að unnt sé að mæta öðrum aðgerðapörfum Atlantshafsbandalagsins samkvæmt gagnkvæmum ákvörðunum.
2. Utanríkisráðuneyti Íslands heimilar að varnarmálaráðuneyti Bandaríkjanna og Atlantshafsbandalagið nýti sér aðstöðu eftir þörfum og í samræmi við varnarsamninginn frá 1951 og skuldbindingar Atlantshafsbandalagsins sem eru sameiginlega ákvarðaðar og styðja við varnir Íslands og öryggi þess svæðis sem Norður-Atlantshafssamningurinn tekur til.

3. Varnarmálaráðuneyti Bandaríkjanna hefur tekið reglulega þátt í loftrýmisgæsluverkefnum Atlantshafsbandalagsins á Íslandi og hyggst starfa áfram með utanríkisráðuneyti Íslands að því að styðja þetta framtak.
4. Varnarmálaráðuneyti Bandaríkjanna og utanríkisráðuneyti Íslands heita því að samskiptin á sviði varnarmála, meðal annars vegna varnaráætlauna fyrir Ísland, verði áfram öflug, þar sem áhersla er lögð á þekkingu á aðstæðum og viðbragðsflýti á Norður-Atlantshafi. Utanríkisráðuneyti Íslands samþykkir áætlanir varnarmálaráðuneytis Bandaríkjanna um varnir Íslands þar sem hernaðarlegum úrræðum er beitt.
5. Varnarmálaráðuneyti Bandaríkjanna og utanríkisráðuneyti Íslands hyggjast viðhalda traustu fyrirkomulagi tímanlegrar og skilvirkar upplýsingamiðlunar, þegar neyðarástand ríkir, meðal annars til viðkomandi borgaralegra yfirvalda og hermálafyrivalda.
6. Reglulegar viðræður háttsettra fulltrúa hafa verið mikilvæg viðbót við samráð um öryggismál. Bæði varnarmálaráðuneyti Bandaríkjanna og utanríkisráðuneyti Íslands hyggjast halda þessum viðræðum áfram í því skyni að efla tvíhliða samstarf í varnar- og öryggismálum, fjalla um þarfir Íslands fyrir landvarnir og endurskoða þróun öryggismála á Norður-Atlantshafi.
7. Tvíhliða viðræðum sérfræðinga um samstarf í varnar- og öryggismálum, bæði hernaðarlegt og af öðrum toga, verður haldið áfram til þess að fjalla um málefni, sem þjóna sameiginlegum hagsmunum, eins og tölvuöryggi og öryggi á hafi og skipti á trúnaðarflokkuðum upplýsingum og um önnur málefni eftir því sem gagnkvæmt samkomulag er um.
8. Varnarmálaráðuneyti Bandaríkjanna og hlutaðeigandi íslensk yfirvöld hyggjast kanna aukið samstarf, meðal annars hugsanlegar sameiginlegar æfingar, þjálfunarstarf og starfsmannaskipti á sviðum eins og, en sem ekki einskorðast við, leit og björgun og neyðaraðstoð.